

13. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

Zoom, 28. október 2020, kl. 17:15

Mættir eru: Ásdís Nína Magnúsdóttir (ÁNM), Geir Finnsson (GF), Rut Einarsdóttir (RE), Sara Þöll Finnbogadóttir (SÞF), Steinunn Ása Sigurðardóttir (SÁS), Tanja Teresa Leifsdóttir (TTL) og Una Hildardóttir (UH). **Frá skrifstofu:** Heiða Vigdís Sigfúsdóttir (HVS) og Sigurður Helgi Birgisson (SHB).

Fundarstjóri: Una Hildardóttir (UH)

Fundur settur: 17:23

Dagskrá:

1. [Fundargerð](#) 12. stjórnarfundar er samþykkt.
2. **Upplýsingagjöf frá skrifstofu:** LUF kynning á fulltrúaráðsfundi LÍS: SHB kynnti starfsemi LUF fyrir fulltrúum LÍS, fór yfir tilgang félagsins, markmið, helstu verkefni innanlands sem og á alþjóðavettvangi. Fulltrúar LÍS tóku vel í kynninguna og óskuðu LUF til hamingju með góðan árangur og öflugt starf. SHB mun fylgja kynningunni eftir.
3. **Rsk-málið:** SHB hefur ítrekað andmæli sín við ákvörðun og beiðni um rökstuðning ásamt vísun til lagaheimilda á grundvelli stjórnsýslulaga. Stjórn verður upplýst þegar svör berast.
4. **Þriðji Leiðtogaráðsfundur LUF 4. nóvember:**
 - 4.1. Fundarboð hefur verið sent út.
 - 4.2. [Auglýsing](#) eftir ungmennafulltrúa Íslands á sviði kynjajafnréttis er hafin.
 - 4.3. Áfangaskýrsla er enn í vinnslu. UH leggur til að fundað verði sérstaklega til að samþykkja skýrsluna.
 - 4.4. Yfirlit yfir stöðu fjármála: Bókari hefur verið beðinn um að ljúka við drög að ársreikningi (stöðuna frá 1. janúar - 31. október) í síðasta lagi fyrir hádegi 4. nóvember. Skv. samþykktum skal stjórn upplýsa ráðið um fjárhagsstöðu félagsins m.v. áætlun.
 - 4.5. SÞF og TI leggja til að í stað vinnuáætlunar verði aðferð við gerð framkvæmdaáætlunar endurskoðuð í samræmi við nýja samninga og skulbindingar LUF. Því er lagt til að taka vinnuáætlun af dagskrá 3. leiðtogaráðsfundar og að viðameiri framkvæmdaáætlun verði send út sem fundargagn fyrir sambandsþing 2021. Eftir verulega umhugsun varð ljóst að upphafleg hugmynd um vinnuáætlun hentar ekki starfsemi LUF. Tillagan er samþykkt.
5. **Vinnureglur stjórnar:**
 - 5.1. Tillaga að viðbót við vinnureglur stjórnar:
 - 4.4.1. **Niðurgreiddur ferðakostnaður**

LUF niðurgreiðir ferðakostnað stjórnarmanna sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins á einn leiðtogaráðsfund á hverju stjórnarári. Þetta á við um þá sem búa í meira en 40 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Notist stjórnarmaður við almenningssamgöngur skal miðast við að nota sem ódýrastan ferðamáta sem er í boði hverju sinni. Ferðakostnaður skal vera útlagður af stjórnarmanni. Beiðni um ferðastyrk skal send á framkvæmdastjóra ásamt umbeðnum fylgigögnum. Framkvæmdastjóra er gert að greiða styrkinn um leið og fullnægjandi gögn berast. Ferdist stjórnarmaður með flugi skal LUF greiða fyrir kolefnisjöfnun á fluginu.

Niðurgreiðsla ferðakostnaðar byggist á ákvörðun stjórnar í lið 5.2. á [10. stjórnarfund](#) þann 1. september 2020. Í ljósi þess að LUF er samstarfs- og samráðsvettvangur ungmennafélaga á landsvísu er nauðsynlegt að jafnræðis sé gætt á milli stjórnarmanna óháð búsetu og að stjórnarmeðlimir eigi þess kost að sækja fundi í persónu án þess að þurfa að bera allan kostnað af því sjálfir.

Tillagan er samþykkt.

5.2. [Eyðublað](#) fyrir beiðni um ferðastyrk er samþykkt.

6. **Alþjóðamál:**

6.1. [Jökull hélt ræðu](#) um málefni hingsegin ungmenna á UN Envoy on Youth.

6.2. RE verður fulltrúi LUF á ráðstefnunni „European Youth Work“ 7-10. des.

6.3. RE fer á Nordic-Baltic meeting on youth & elections 17. nóvember. TI er falið að senda RE upplýsingar og SPJ aðstoðar með kynningu á skuggakosningum.

6.4. SPF verður fulltrúi LUF á Aðalþingi YFJ sem haldið verður rafrænt dagana 22.-23. nóvember:

6.4.1. Breytingartillögur alþjóðanefndar: SPF ætlaði að bera breytingartillögur upp á NBC fundi á morgun. Ef engar tillögur berast mun hún framlengja frestinn.

6.4.2. Kosningar: SPF var beðin um að vera kosningastjóri NBC en hafði ekki tök á því. Lukas frá DUF mun taka það að sér. SPF mun sækja fundi með frambjóðendum og óskar eftir áhugasömum til að sitja þá fundi að auki. Silja frá Allianssi er ein í framboði til forseta. Margir frá Norðurlöndunum eru í framboði.

6.4.3. Fundur NBC fer fram á morgun, 29. október. Silja mun segja frá málum innan YFJ og SPF mun segja frá AC.

7. **Alþingismál:** SHB upplýsir stjórn um þau mál sem opin eru til umsagnar.

7.1. [Umsögn LUF](#) um fjárlög 2020 og fjármálaáætlun 2021-2025 hefur verið birt á vef Alþingis.

8. **Næstu stjórnarfundir á árinu:** UH mun gera tillögu að dagsetningu.

9. **Önnur mál:**

9.1. SPF tilkynnir að hún mun taka sér hlé frá LUF eftir næsta stjórnarfund. Hún áætlað að koma til baka eftir áramót.

9.2. Atvinnuleysi ungs fólks á tímum Covid-19: Umræða.

Fundi slitið 18:35

SHB ritaði fundargerð